

AUGLÝSING

um friðlýsingu Skrúðs og næsta nágrennis.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Skrúð og næsta nágrenni í Suður-Múlasýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru:
Eyjan öll ásamt 500 m breiðu beltí umhverfis hana.

Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:

1. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis ábúanda.
2. Jarðrask er óheimilt í eygni og óheimilt er að breyta ásjón landsins.
3. Nýting hlunninda í og við eyna svo og fiskveiðar umhverfis hana eru heimilar svo sem verið hefur.
4. Veiðar og eggjataka er óheimil en ábúanda er heimil hlunnindanýting svo sem verið hefur.
5. Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við Skrúð. Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á sjó nær eygni en 500 m.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs og ábúanda.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd.


Umhverfissráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.



Umhverfissráðuneytið, 30. ágúst 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

SKRÚÐUR



 Hlíðar
 Mörk friðlands
Stærð friðlands: 365 ha
þar af eyjar: 80 ha

